

## REGLUR

### **Landsréttar um kærumálsgögn í einkamálum.**

#### 1. gr.

Þegar sóknaraðili sendir gögn kærumáls (kærumálsgögn) til Landsréttar samkvæmt 3. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skulu gögnin vera í þeim búningi sem mælt er fyrir um í reglum þessum.

Kærumálsgögn skulu vera í fjórum eintökum.

#### 2. gr.

Sóknaraðili ber ábyrgð á að kærumálsgögn séu í þeim búningi sem mælt er fyrir um í reglum þessum. Hann skal, sé þess kostur, hafa samráð við varnaraðila um hvaða skjöl málsins skuli vera meðal kærumálsgagna.

Þegar málsaðilar senda Landsrétti gögn samkvæmt reglum þessum skulu þau samtímis send gagnaðila.

#### 3. gr.

Sóknaraðili skal gæta þess að meðal kærumálsgagna séu einungis þau skjöl sem sérstaklega er þörf á til úrlausnar þeim ágreiningi sem kærumálið varðar.

#### 4. gr.

Fremst í kærumálsgögnum skal vera efnisyfirlit yfir þau skjöl sem nefnd eru í 5. gr., í þeirri röð sem þar kemur fram, og skal geta um blaðsíðutal í málsgögnum.

#### 5. gr.

Kærumálsgögn skulu vera sem hér greinir:

1. Hinn kærði úrskurður.
  2. Endurrit þinghalda málsins í héraði.
  3. Kæra og greinargerð sóknaraðila.
  4. Stefna til héraðsdóms eða annað sóknarskjal ef við á og greinargerð stefnda í héraði.
  5. Önnur skjöl, sem nauðsynleg eru til þess að leyst verði úr þeim ágreiningi sem til úrlausnar er í kærumálinu.
  6. Ný skjöl, sem nauðsynleg teljast vegna kærumálsins.
  7. Skjöl, sem getið er í 6. gr. þessara reglna.
  8. Stutt hlutlæg greining á ágreiningsefnum kærumálsins og efni héraðsdómsmálsins.
- Skjölum er greinir í 5. og 6. tölulið skal raða í tímaröð, nema önnur röð sé heppilegri.

#### 6. gr.

Sóknaraðili getur látið fylgja gögn sem staðfesta greiðslu úttagðs kostnaðar við kærumálið og yfirlit um tíma, sem unnið hefur verið við þann þátt málsins sérstaklega.

#### 7. gr.

Kærumálsgögn skulu vera í einu bindi, nema umfang máls gefi tilefni til að bindin séu fleiri. Á kápu kærumálsgagna skal greina heiti máls fyrir Landsrétti og lögmenn aðila.

Kærumálsgögn skulu vera með síðutali. Þau skulu vera skýr og vel læsileg og án yfirstrikana eða merkja um þær.

#### 8. gr.

Telji varnaraðili þörf á fleiri gögnum til úrlausnar kærumálsins, en er að finna í kærumálsgögnum, getur hann látið þau fylgja greinargerð sinni ásamt skrá um þau ef fjöldi skjalanna gefur tilefni til þess. Ef umfang þeirra skjala sem varnaraðili leggur fram er verulegt skulu þau vera í hefti

Nr. 3

2. janúar 2018

og með síðutali og að öðru leyti í þeim búningi sem mælt er fyrir um í reglum þessum. Þá getur varnaraðili einnig látið fylgja gögn sem getið er í 6. gr.

9. gr.

Fari aðili kærumáls fram á að kærumálið verði flutt munnlega fyrir Landsrétti og munnleg sönnunarfærsla fari þar fram skal hann senda réttinum, með kærumálsgögnum eða eftir atvikum greinar-gerð, hlutlausan og hnitmiðaðan útdrátt af framburði þeirra sem gefið hafa skýrslu fyrir héraðsdómi sem óskað er eftir að gefi viðbótarskýrslu fyrir Landsrétti auk þess sem markmið þeirrar skýrslu- gjafar er skilgreint. Óski aðili eftir að hlýtt verði á upptökur framburðar við aðalmeðferð ber honum að greina með eins nákvæmum hætti og kostur er hvaða hluta framburðar er talið að skipti máli að hlýða á.

10. gr.

Nú er gerð kærumálsgagna í verulegu ósamræmi við fyrirmæli þessara reglna, án þess að 2. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991 eigi við, og getur þá Landsréttur mælt fyrir um að bætt skuli úr innan tilgreinds frests. Sé fyrirmælum um úrbætur ekki sinnt getur rétturinn frestað máli þar til úr hefur verið bætt.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 12. gr. laga nr. 49/2016 um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (millidómstig) og öðlast gildi þegar í stað.

*Landsrétti, 2. janúar 2018.*

**Hervör Þorvaldsdóttir.**

---

*Björn L. Bergsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2018